


HINSEGIN: TVÍKYNHNEIGÐ



Hinsegin: Tvíkynhneigð

© Texti: Guðrún Þorsteinsdóttir, María Jónsdóttir og Heiðrún Fivelstad

© Teikningar: Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson

1. útgáfa 2016 Ráðgjafar- og greiningarstöð og Samtökin '78

2. útgáfa 2024 Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

2024 Umbrot: Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Kópavogi

Bækling þennan má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með prentun, ljósmyndun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt að hluta eða í heild án skriflegs leyfi höfunda og útgefanda.

Sérstakar þakkir fyrir góð ráð 2024 fær Svandís Anna Sigurðardóttir, verkefnastýra hjá Stígamótum.

Anna

Anna er 13 ára gömul stelpa. Anna býr hjá foreldrum sínum ásamt eldri bróður.

Anna er einhverf. Anna þreytist fljótt þegar margir eru í kringum hana og vill gjarnan hafa rólegt í kringum sig.

Henni hefur ekki alltaf gengið vel að eignast vini en hana langar mikið til að eignast góða vinkonu.



“Kynhneigð segir til um hverjum fólk laðast að rómantískt og kynferðislega. Að vera tvíkynhneigð/ur/t þýðir að laðast að tveimur kynjum.



Áhugamál

Í skólanum lærir Anna um allt milli himins og jarðar.

Henni finnst best að vera heima og lesa, hún er mikill lestrarhestur. Henni finnst líka gaman að teikna og fara í skólasund.

Henni finnst líka mjög gaman að læra í skólanum.



Sæti strákurinn

Maggi er í bekk með Önnu. Maggi æfir fótbolta og er bestur í fótbolta af öllum í bekknum. Hann skorar oft sigurmarkið í lok frímínútnanna og bekkurinn hennar Önnu vinnur oftast.

Maggi er sætur og margar stelpurnar eru skotnar í honum, þar með talið Anna.

Vinkona

Önnu finnst skemmtilegt í skólasundinu.

Í fyrra byrjaði ný stelpa í bekknum sem heitir Lilja.

Anna og Lilja kynntust í sundinu og urðu fljótt góðar vinkonur.



Gaman saman

Anna og Lilja eyða miklum tíma saman, bæði í skólanum og eftir skóla.

Skemmtilegast finnst þeim heima hjá Lilju, því hún á trampólín og heitan pott sem þær mega leika sér í.

Stelpurnar í bekknum lýsa þeim sem samlokum, því þær eru svo mikið saman.

Stríðni

Í eitt skiptið þegar Anna og Lilja voru á leið heim var unglingahópur að slæpast fram hjá.

Þau hrópuðu á þær „Þið eruð lessur“.

Þeim fannst þetta báðum mjög óþægilegt.



Hver er ég?

Næstu daga velti Anna því mikið fyrir sér hvort það væri einhver möguleiki að hún væri lesbía.

Hún var mjög hrifin af Lilju vinkonu sinni en hún vissi fyrir víst að hún var skotin í Magga.

Þá gat hún ekki verið lesbía, er það nokkuð?

Hún ákvað að spyrja kennarinn sinn sem hún treysti vel.

Spjall



Daginn eftir spurði Anna Sigríði kennarinn sinn hvort hún gæti fengið að tala við hana, þegar hinir krakkarnir væru farnir.

Hún spurði hana feimnislega „Sigga, ég er að spá, ef stelpa er hrifin af stelpu en samt líka hrifin af strák, er hún þá lesbía?“

Sigríður tók sér góðan tíma til að svara, en sagði að lokum: „Anna mín, þú veist að ég á konu og ég er lesbía.“

Anna varð mjög glöð að heyra að kennarinn skildi hana vel.

Kynhneigð

Sigríður hélt áfram:

„Kynhneigð er flókið fyrirbæri og það er hægt að vera hinsegin á ýmiss konar máta. Taktu þér tíma í að velta þessu fyrir þér og hafðu opinn hug fyrir því að hægt er að laðast að einu kyni, tveimur eða fleiri kynjum eða jafnvel engum.“

Það er hægt að laðast að strákum og stelpum og oftast er það kallað að vera tvíkynhneigð.





Hinsegin

Anna var hugsí yfir svarinu hennar Sigríðar og óviss hvort þetta svaraði spurningunni hennar.

Hún velti þessu fyrir sér í nokkurn tíma og las sér til um mismunandi hinseginleika á netinu.

Sérstaklega muninn á samkynhneigð, tvíkynhneigð og pankynhneigð.



Niðurstaða Önnu

Að lokum komst Anna að þeirri niðurstöðu að hún ætlaði að leyfa sér að vera hrifin af þeim sem hún yrði hrifin af, sama af hvaða kyni sú manneskja væri.

Anna var mjög sátt og létt við þessa niðurstöðu sína.

Kyn skipti hana ekki máli þegar kæmi að verða hrifin af/skotin í annarri manneskju.